




Ísland tók þátt í Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna (SP) á tímabilinu 2005 til 2015. Tíu ungir sérfræðingar voru ráðnir til starfa hjá Þróunaráætlun SP (UNDP), Þróunarsjóði SP í þágu kvenna, (UN Women, þá UNIFEM) og Barnahjálpi SP (UNICEF).

Staðsetning íslensku ungliðanna



Meginniðurstöður rýnnar eru þær að þátttaka í Ungliðaáætlun SP sé fýsilegur kostur fyrir Ísland, svo fremi sem fjármagn sé til staðar og þátttakan fari ekki umfram skynsamleg mörk, að verkefnið byggji á heildrænni sýn á uppbyggingu mannauðs innan alþjóða- og þróunarsamvinnu, og að vinnulag og útfærsla verkefnisins sé með faglegum hætti.

Til að hámarka þann ábata sem af hlýst vegna þátttöku í verkefninu er mikilvægt að utanríkisráðuneytið skapi vandaða og faglega umgjörð um starfið. Það felur m.a. í sér að ráðuneytið setji sér skýr markmið og leitist við að læra af þátttöku nágrannalanda í ungliðaáætluninni, auk þess að meta árangurinn af þátttöku þegar fram líða stundir.



Á þessum 11 árum nam heildarkostnaðurinn 341,3 milljónum króna, sem samsvarar um 425 milljónum króna á verðlagi ársins 2020.

Í rýninni voru tekin viðtöl við íslenska þátttakendur í Ungliðaáætluninni. Tveir fyrrum ungliðar starfa enn innan kerfis SP, tveir starfa hjá utanríkisráðuneytinu og þrír innan akademíu með áherslu á alþjóðleg málefni. Loks starfa þrír fyrrverandi ungliðar að alþjóðlegum verkefnum fyrir frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu.

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram:

1. Ísland skilgreini markmið með þátttöku sinni í Ungliðaáætlun SP, sem geta verið fjölþætt.
2. Þátttaka í Ungliðaáætlun SP verði byggð á stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.
3. Umgjörð um verkefnið og verklag innan ráðuneytisins verði skýrt.
4. Áfram verði lögð rík áhersla á opið, gagnsætt og hlutlægt valferli.
5. Utanríkisráðuneytið undirbúi þá umsækjendur sem boðaðir eru til viðtals með því að kynna kerfi og stofnanir SP, auk þess að leggja áherslu á mikilvægi fjölmenningslæsis, seiglu og að sýna frumkvæði í starfi.
6. Ísland læri af þeirri umgjörð sem nágrannalöndin setji um JPO-verkefni.
7. Utanríkisráðuneytið standi að öflugri kynningu á Ungliðaáætlun SP.
8. Utanríkisráðuneytið styðji tengslanet íslenskra ungliða.
9. Utanríkisráðuneytið skoði möguleika á því að styðja við fulltrúa frá þróunarlöndum í Ungliðaáætlun SP þegar til lengri tíma er litið.
10. Utanríkisráðuneytið líti á þátttöku í Ungliðaáætlun SP með heilðrænum hætti og setji í samhengi við aðrar leiðir sem eru nýttar á Íslandi til að byggja upp mannauðsgrunn fyrir alþjóða- og þróunarsamvinnu. Í framhaldinu verði nýttir aðrir möguleikar til að veita ungum Íslendingum tækifæri til að kynnast störfum á alþjóðavettvangi.
11. Utanríkisráðuneytið geri úttekt á uppbyggingu mannauðsgrunns Íslands í alþjóðastarfi og þróunarsamvinnu árið 2025.



Rýnin beindist að þátttöku Íslands í ungliðaáætluninni á árunum 2005-2015 og byggði á viðtölum við íslenska þátttakendur, gögnum úr málaskrá ráðuneytisins og úttektum nágrannalöndanna. Leitast var við að varpa ljósi á og draga lærdóm af þeim árangri sem hlaut af stuðningi Íslands, virðisauka þátttöku fyrir íslenska þátttakendur sem og stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Niðurstöður benda til að þátttaka Íslands í Ungliðaáætlun SP hafi skilað margvíslegum árangri, bæði fyrir þátttakendur og þær stofnanir sem þeir unnu fyrir.